



HRUNAMANNAHREPPUR

46. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 4. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 6. MAÍ 2009
KL. 12.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 6. maí kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 12.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt var að bæta við fundarefnið fundargerð Landbúnaðarnefndar frá 29. apríl og fundargerð Veitustjórnar frá 4. maí s.l. Í upphafi fundar óskuðu hreppsnefndarmenn oddvita til hamingju en hann hefur verið kosinn Alþingismaður.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Drög að ársreikningi Hrunamannahrepps 2008 (seinni umræða).
2. Húsaleigusamningur v. ÁTVR í Akurgerði 4 og teikning
3. Drög að hugmyndir varðandi einkahlutafélag um Heilsuþorp á Flúðum.
4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Hrunavöllur vatnsvernd
5. Bændasamtök Íslands: v. fjallskila
6. Orkustofnun: Vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélaga.
7. Verkfræðistofa Suðurlands: Átaksverkefndi við skráningu rotþróa.
8. Útnefning ruslamálaráðherra
9. Útnefning í þjóðhátíðarnefnd 17. júní.
10. Aðalskipulagsbreyting v. Högnastaða
11. Brunamálastofnun: Óleyfisíbúðir eftirlit með framkvæmd.
12. Eignarhald á Hverhólma
13. Hlutabréf í Hótel Flúðum

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 2. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 27. apríl s.l.
2. 2. fundur fræðslunefndar v. Leikskóla frá 27. apríl s.l.
3. Skólastefna Hrunamannahrepps
4. 32. Fundur veitustjórnar 4. maí s.l.
5. 12. fundur Landbúnaðarnefndar frá 29. apríl

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 12. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. apríl s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa fundur 21 og 22.
2. 112. fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnessýslu frá 8. apríl s.l.:

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 422. fundur stjórnar frá 19. mars s.l.
- b. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 283. fundur frá 1. apríl
- c. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Verkefni starfsmanna í mars s.l.
- d. Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundur frá 31. mars s.l.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 118. Stjórnarfundur frá 21. apríl s.l.
- f. Sorpstöð Suðurlands: Stjórnarfundur frá 17. apríl s.l.
- g. Tónlistarskóli Árnesinga: 150. fundur frá 20. mars s.l.
- h. Tónlistarskóli Árnesinga: Uppsögn húsaleigu

Aðrar upplýsingar:

- a. Skipulagsstofnun: Bréf frá 27. mars s.l. vegna breytinga á deiliskipulagi í landi Syðra Langholts IV, Holtabyggð Hrunamannahreppi.

- b. Samgönguráðuneytið: Bréf v. kæru Árna Hjaltasonar v. eignarnáms
- c. Menntamálaráðuneytið: Bréf frá 26. mars v. könnunarprófa sem fella brott.
- d. Sambandið: 762. stjórnarfundur frá 26. mars s.l.
- e. Sambandið: Minnisblað frá Guðjóni Bragasyni
- f. Sambandið: Helstu áherslur í samskiptum SÍS við Alþingi og ríkisstjórn
- g. Umsagnir um rekstrarleyfi: Klettholt ehf. og Kaffi Sel.
- h. Vegagerðin: Svarbréf frá 7. apríl s.l.
- i. KLÁR: Kynning á þjónustu frá Kjartani Lárussyni.
- j. Orlof húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu
- k. Starfsvettvangur fyrir atvinnulaust ungt fólk

Fundir framundan:

1. Ársfundur stofnana fræðslusetra Háskóla Íslands fimmtudaginn 14. maí kl. 10.00 til 18.30 í Gunnarsholti
2. Málþing um flutning þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga á Hótel Nortica, miðvikudaginn 20. maí kl. 10.00 – 15.30

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Drög að ársreikningi Hrunamannahrepps 2008 (seinni umræða).** Teknir voru til seinni umræðu, ársreikningar Hrunamannahrepps árið 2008, sundurliðun ársreiknings 2008, ásamt skýrslu endurskoðenda. Rekstrarniðurstaða A-hluta var (kr. 37.400.497) Rekstrarniðurstaða A og B hluta (kr. 103.004.950) . Fjárfesting 176.201.800 kr. Veltufé frá rekstri 79.327.253 kr. eða 15.1 % Heildar eignir 865.758.524 kr. Heildar skuldir nema 703.289.070 kr. Eigið fé 162.469.454 kr. og að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikninginn því undirritaður til staðfestingar.
2. **Húsaleigusamningur v. ÁTVR í Akurgerði 4 og teikning.** Oddviti kynnti húsaleigusamning til tíu ára við ÁTVR. Hreppsnefnd samþykkir samninginn en gert er ráð fyrir að vínubúðin opni í lok þessa mánaðar.
3. **Drög að hugmyndir varðandi einkahlutafélag um Heilsuþorp á Flúðum.** Oddviti lagði fram drög að stofnun einkahlutafélags um Heilsuþorp. Stofnendur yrðu Hrunamannahreppur og Heilsuþorp ehf. Hrunamannahreppur legði til hús í sinni eigu sem standa á landinu. Hreppsnefnd hefur falið Lögmonnum Suðurlands, oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að samningum. Hreppsnefnd leggur til að KPMG endurskoðun verði endurskoðendur félagsins.
4. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Hrunavöllur vatnsvernd.** Oddviti kynnti umsögn frá Heilbrigðiseftirliti vegna Hrunavallar. Tveir bændur hafa sýnt því áhuga að rækta korn á svæðinu. Bændunum verður kynnt bréf Heilbrigðiseftirlitsins og þær takmarkanir sem þar koma fram.
5. **Bændasamtök Íslands: v. fjallskila.** Oddviti kynnti skýrslu millipinganefndar búnaðarþing um fjallskil, þar sem vinsamlegum tilmælum er beint til sveitarfélaga um að endurskoða fjallskilasamþykktir, með tilliti til álagningar fjallskila og haustsmalana. Hreppsnefnd samþykkir að vísa erindinu til skoðunar í Landbúnaðarnefnd Hrunamannahrepps og einnig að Héraðsnefnd Árnesinga fjalli um málið.
6. **Orkustofnun: Vatnsverndarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélaga.** Oddviti kynnti bréf Orkustofnunar um málefni vatnsverndarsvæða og óskar eftir upplýsingum um afmörkun vatnsverndarsvæða í nágildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Hreppsnefnd telur eðlilegt að Orkustofnun hafi aðgang að gögnum varðandi vatnsvernd.
7. **Verkfræðistofa Suðurlands: Átaksverkefndi við skráningu rotþróa.** Oddviti kynnti bréf frá Verkfræðistofu suðurlands þar sem boðið er til átaksverkefnis um skráningu rotþróa í sveitarfélögum. Hreppsnefnd telur verkefnið áhugavert en frestar afgreiðslu.
8. **Útnefning ruslamálaráðherra.** Oddviti lagði fram tillögu um að Esther Ágústa Guðmundsdóttir verði ruslamálaráðherra fyrir árið 2009.

Hreppsnefnd samþykkir tillöguna. Ákveðið er að efna til hreinsunarátaks í hreppnum 12. maí til 20. maí sem endi með sérstökum rusladegi 20. maí.

9. Útnefning í Þjóðhátíðarnefnd 17. júní. Oddviti lagði fram tillögu um að Eva Marin Hlynisdóttir verði fulltrúi hreppsins í 17. júní nefnd næstu tvö árin. Hreppsnefnd samþykkir þá tillögu.

10. Aðalskipulagsbreyting v. Högnastaða. Oddviti lagði fram og kynnti bréf frá Valdimar Harðarsyni dags. 6. apríl 2009 f.h. landeiganda Högnastaða þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins til samræmis við tillögu að deiliskipulagi sem nú liggur fyrir. Í gildandi aðalskipulagi er á svæði F 25 gert ráð fyrir 10 til 15 frístundalóðum á um 29 ha. Svæði en samkvæmt tillögu að deiliskipulagi eru lóðirnar 26 talsins. Samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps skv. 1. mgr. 21. gr. Skipulags- og byggingalaga þannig að á svæði F 25 megi vera allt að 30 frístundalóðir. Varðandi deiliskipulagstillöguna þarf að gera betur grein fyrir lóðamörkum og flóðahættu áður en tillagan verði tekin fyrir.

11. Brunamálastofnun: Óleyfisíbúðir eftirlit með framkvæmd. Oddviti kynnti bréf frá Brunamálastofnun um upplýsingar um búsetu í atvinnuhúsnæði í hreppnum. Sveitarstjóri hefur þegar falið slökkviliðsstjóra að skoða málið í Hrunamannahreppi í samvinnu við byggingarfulltrúa.

12. Eignarhald á Hverhólma. Oddviti kynnti bréf sem sent hefur verið sýslumanninum í Selfossi um kröfu um leiðréttingu á þinglýstu eignarhaldi á Hverhólma. Hreppsnefnd hefur áður verið kynnt málið og málsmeðferð.

13. Hlutabréf í Hótel Flúðum. Rætt var hlutafjáreign Hrunamannahrepps í Hótel Flúðum m.t.t. næsta aðalfundar félagsins.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 2. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 27. apríl s.l. Oddviti kynnti 2. fund fræðslunefndar á árinu. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, rætt starfsmannahald fyrir næsta vetur, farið yfir skóladagatal og fjárhagsáætlun. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
1. 2. fundur fræðslunefndar v. Leikskóla frá 27. apríl s.l. Oddviti kynnti 2. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu leikskólustjóra, starfsmannahald, fjárhagsáætlun og fleira. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. Skólastefna Hrunamannahrepps. Oddviti kynnti skólastefnu Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með skólastefnuna og þá vinnu sem hefur verið lögð. Hreppsnefnd samþykkir skólastefnuna.
3. 32. Fundur veitustjórnar frá 4. maí s.l. Oddviti kynnti 32. fundargerð Veitustjórnar. Lögð hafa verið fram drög að samningi milli Hrunamannahrepps og Byggðar á Brikum varðandi lóð undir hreinsistöð. Hreppsnefnd samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ganga frá samningnum.
4. 12. Fundur Landbúnaðarnefndar frá 29. apríl s.l. Oddviti kynnti 12. fundargerð Landbúnaðarnefndar, þar m.a. rætt um skálavörslu, hey á afrétti, lagfæring á afréttaskálum, verðskrá og afréttargirðingu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 12. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 22. apríl s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa fundur 21 og 22. Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar byggingar og skipulagsfulltrúa frá 22. apríl. Þar er m.a. fjallað um deiliskipulag 4,2 ha svæðis í Hvammi og 29.0 ha svæði á Högnastöðum sbr. bókun hreppsnefndar varðandi 10 dagskrárlið þessarar fundargerðar, stækkun byggingarreita á lóðum í Holtabyggð og stækkun gestahúss í Kjóabyggð. Byggingarfulltrúi afgreiddi 2 mál fyrir Hrunamannahrepp á 21. fundi sínum 30. mars og 2 mál á 22. fundi 15. apríl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina m.t.t. athugasemda sbr. 10. dagskrárlið.
2. 112. fundur Félagsþjónusta í uppsveitum Árnassýslu frá 8. apríl s.l.: Oddviti kynnti fundargerð 112. fundar félagsmálanefndar. Tekin voru fyrir 2 mál undir liðnum barnavernd, nokkrar umsóknir um fjárhagsaðstoð og 8

umsóknir um félagslega heimaþjónustu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: 422. fundur stjórnar frá 19. mars s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 283. fundur frá 1. apríl** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Verkefni starfsmanna í mars s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. **Eignarhaldsfélag Suðurlands: Aðalfundur frá 31. mars s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 118. Stjórnarfundur frá 21. apríl s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- f. **Sorpstöð Suðurlands: Stjórnarfundur frá 17. apríl s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- g. **Tónlistarskóli Árneseinga: 150. fundur frá 20. mars s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- h. **Tónlistarskóli Árneseinga: Uppsögn húsaleigu** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Aðrar upplýsingar:

- a. **Skipulagsstofnun: Bréf frá 27. mars s.l. vegna breytinga á deiliskipulagi í landi Syðra Langholts IV, Holtabyggð Hrunamannahreppi.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Samgönguráðuneytið: Bréf v. kæru Árna Hjaltasonar v. eignarnáms** Lagt fram til kynningar.
- c. **Menntamálaráðuneytið: Bréf frá 26. mars v. könnunarprófa sem fella brott.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Sambandið: 762. stjórnarfundur frá 26. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Sambandið: Minnisblað frá Guðjóni Bragasyni** Lagt fram til kynningar.
- f. **Sambandið: Helstu áherslur í samskiptum SÍS við Alþingi og ríkisstjórn** Lagt fram til kynningar.
- g. **Umsagnir um rekstrarleyfi: Klettholt ehf. og Kaffi Sel.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Vegagerðin: Svarbréf frá 7. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- i. **KLÁR: Kynning á þjónustu frá Kjartani Lárussyni.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Orlof húsmæðra Árnes- og Rangárvallasýslu** Lagt fram til kynningar.
- k. **Starfsvettvangur fyrir atvinnulaust ungt fólk** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

1. **Ársfundur stofnana fræðslusetra Háskóla Íslands fimmtudaginn 14. maí kl. 10.00 til 18.30 í Gunnarsholti**
2. **Málþing um flutning þjónustu við fratlaða frá ríki til sveitarfélaga á Hótel Nortica, miðvikudaginn 20. maí kl. 10.00 – 15.30**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:30